

Atvinnuveganefnd Alþingis,
Nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2161
komudagur 8.5.2012

Umsögn Sólar á Suðurlandi við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda. Þingmál 227.

Sól á Suðurlandi hefur síðustu árin fylgst með vinnu rammaáætlunar og undirbúningi að virkjun Þjórsár í byggð, með ugg í huga. Eins og oft hefur komið fram og jafnvel í máli í fulltrúa verkefnisstjórnar var rammaáætlun samin og gerð á forsendum orkugeirans. Þannig má segja að rammaáætlun hafi að mörgu leyti verið verkfæri orkugeirans til að fá í hendur virkjanalista náttúrusvæða.

Hvað Þjórsá varðar skorti vilja orkugeirans til að halda áfram faglegri vinnu við mat á náttúru, samfélags- og byggðaáhrifum. Landsvirkjun taldi að undirbúningurinn væri kominn svo langt að nóg væri að gert og það ætti alls ekki að taka Þjórsá með í rammaáætlunarvinnuna, nú væri komið að framkvæmdastigi. Í þessum anda var unnið og nýjar upplýsingar og fjölmargar athugasemdir heimamanna sem raunar urðu fleiri og meira rökstuddar eftir því sem árin liðu voru að mestu leyti skilgreindar út af borðinu í faghópum.

Það var ekki fyrr en Orri Vigfússon kom með Verndarsjóð villtra laxa inn í umræðuna sem ástæða þótti til að staldra við. Það hefði með réttu átt að gera fyrr. Nú stendur til að setja Þjórsá í biðflokk, en þó aðeins í stuttan tíma á meðan laxastofninn og skilyrði hans verða rannsökuð.

Sól á Suðurlandi fagnar því að Þjórsá skuli vera sett í biðflokk en ekki í nýtingu. Jafnframt lýsa samtökin þeirri afdráttarlausu kröfu sinni að farið verði í allar þær rannsóknir í og við Þjórsá sem vitað var að vantaði og verður að gera til að hægt sé að tala um sátt eða sjálfbærni, þessi hugtök eru ævinlega notuð til hátíðabrigða þegar rætt er um rammaáætlun.

Nauðsynlegt er að rannsaka stjórnsýslu við undirbúning framkvæmda við virkjanir í Þjórsá. Hún er ekki aðeins óvönduð, heldur telur Sól á Suðurlandi að stjórnsýslan hafi verið brotin en og gengið yfir réttindi fólks.

Umhverfisvernd snýst líka um mannréttindi og hafi þau verið vanvirt í stjórnsýslu Landsvirkjunar og sveitarfélaganna við Þjórsá. Samtökin telja því miður að rammaáætlun hafi ekki náð að fanga þennan þátt í sinni vinnu. Það er því eftir að rannsaka samfélagsáhrif, landslag og stjórnsýslu og það verði að gera. Aðferðafræði rammaáætlunarverkefnisins nær ekki utan um þessa þætti og því þarf að staldra við og útbúa rannsóknaraðferðir sem duga.

Sátt og sjálfbærni verður aldrei til með tilskipunum hins fjársterka og valdamikla sem kemur með loforð um mikla peninga inn í lítil sveitarfélög og

vill síðan ráða för. Landsvirkjun leggur nú töluvert fjármagn inn í samfélögin við Þjórsá. Fyrirtækið styrkir nú ferðapjónustu og menningarstarf fyrir utan þær greiðslur sem renna til vatnslagna, vegalagna, gemsasambands og ljósleiðara.

Hver man ekki eftir sinnaskiptum sveitarstjórnar sem sagði nei einn daginn en já við virkjun strax daginn eftir að lokinni heimsókn Landsvirkjunar? Hver man ekki eftir greiðslum til sveitarstjórnarmanna í Skeið- og Gnúpverjahreppi fyrir óbókaða fundi með Landsvirkjun? Af hverju var ekkert bókað og af hverju vissu heimamenn aldrei hvað fram fór á þessum fundum? Af hverju gat Landsvirkjun fullyrt að búið væri að semja við landeigendur, þegar staðreyndin var allt önnur? Hver man ekki eftir aðalskipulagsferli þar sem athugasemdir almennings lentu inni á skrifstofu Landsvirkjunar þar sem virkjanaðilinn svaraði athugasemdunum sjálfur og stundum út í hött? Af hverju var umhverfismatið ekki kynnt fyrr en mörgum árum of seint?

Sá tími sem er gefinn fyrir rannsóknirnar í þingsályktuninni er afar stuttur og hæpið að náist að rannsaka það sem þarf á svo skömmum tíma. Að lokum veður að taka tilliti til niðurstaðna þeirra rannsókna og þær verða að vera unnar af hlutlausum aðila. Fyrr er ekki hægt að taka faglega ákvörðun um framtíð Þjórsár.

En til þess að rannsóknir verði sannfærandi verða stjórnvöld að sjá til þess að undirbúningsvinnu vegna virkjana í Þjórsá verði hætt þegar í stað, en þær hafa staðið óslitið allan þann tíma sem beðið hefur verið eftir niðurstöðu rammaáætlunar.

Með því var haft rangt við og mál er að linni.

Fyrir hönd Sólar á Suðurlandi,
Guðfinnur Jakobsson, formaður,
Skafttholti.